



Jafnréttisnefnd

FUNDUR – 15. júní 2009

Fundur haldinn í Jafnréttisnefnd Blönduósbæjar mánudaginn 15. júní 2009 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33, dómsal. Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fyrsti fundur
2. Önnur mál

Afgreiðslur:

1. Valgarður Hilmarsson setti fund. Tillaga kom fram um að Jófríður yrði kosin formaður nefndarinnar og Rannveig Lena ritari. Það var samþykkt og tók Jófríður við stjórn fundarins. Rætt var um nefndir bæjarins og kynjahlutfall innan nefndanna. Flestar nefndir bæjarins eru nokkuð jafnt skipaðar milli kynja, utan bæjarráðs þar sem aðalmenn eru allir karlmenn og jafnréttisnefnd þar sem nefndarmenn eru allt konur. Jófríður ræddi um að fyrsta verk nefndarinnar yrði að nefndarmenn kynntu sér ítarlega gildandi jafnréttisáætlun bæjarins og nógildandi jafnréttislög. Gögn verða send til nefndarmanna.
2. a) Jófríður kynnti bréf sem barst nefndinni og kynnti boð um norræna ráðstefnu um jafnréttisfræðslu í skólum sem haldin verður í Reykjavík þann 21 og 22 september n.k. Lagt fram til kynningar.

Önnur mál voru ekki tekin fyrir.

Fundargerð upplesinn og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:00.

*Jófríður Jónsdóttir
Oddný M. Gunnarsdóttir
Valgarður Hilmarsson*

Rannveig Lena Gísladóttir